

***BORGARRÁÐ 7. nóvember 2019: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um breytingu á reglum um systkinaafslátt vegna systkina með sitthvort lögheimilið - R19110062***

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks í borgarráði leggja til að gjaldskrár skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar, fyrir leikskóla annars vegar og frístundaheimili og félagsmiðstöðvar hins vegar, verði breytt með þeim hætti að reglur um systkinaafslátt taki einnig til fjölskyldna þar sem systkini hafa sitthvort lögheimilið.

**Greinargerð:**

Lagt er til að skóla- og frístundasvið komi til móts við fjölskyldur í nútímasamfélagi með breytingum á gjaldskrár. Það hefur færst í aukana að í kjölfar skilnaðar deili foreldrar forsjá barna sinna, og skipti jafnvel lögheimilum tveggja eða fleiri barna niður á tvö heimili, svo foreldraskyldur, en ekki síður barnabætur og meðlagsgreiðslur, deilist jafnt milli foreldra. Gjaldskrár skóla- og frístundaráðs taka ekki mið af þessum nýja veruleika og koma ekki til móts við foreldra sem leggja sig fram um að deila fjölskylduábyrgð í kjölfar skilnaðar. Því er lagt til að gjaldskrár taki breytingum svo systkini njóti áfram systkinaafsláttar eftir skilnað, jafnvel þó foreldrar skipti lögheimili barnanna á tvö heimili.